

Orr gegn Noregi

Dómur frá 15. maí 2008

Mál nr. 31283/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Skaðabótaskylda þrátt fyrir sýknudóm.

1. Málsatvik

Kærandi, Marcus Orr, er breskur ríkisborgari og búsettur í Wilmslow í Bretlandi. Hann var flugmaður hjá breska flugfélaginu British Airways. Í ágúst árið 2001 var hann ákærður fyrir að nauðga samstarfsskonu sinni. Hin meinta nauðgun átti sér stað 7. ágúst 2001 þegar flugáhöfn hans dvaldist á hóteli við Gardemoen-flugvöll í Ósló.

Kærandi var sakfelldur með dómi undirréttar frá 1. nóvember 2002, dæmdur til tveggja og hálfis árs fangelsisvistar og til að greiða þólandanum 74 þúsund nkr. í skaðabætur og 25 þúsund nkr. í miskabætur.

Þann 20. mars 2003 sýknaði norskur áfrýjunardómstóll kæranda. Í dómi sínum kvað rétturinn eigi að síður á um skyldu kæranda til að greiða skaðabætur til hins meinta fórnarlambs. Kærandi áfrýjaði þeim hluta málsins til hæstaréttar Noregs en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með því að gera honum að greiða skaðabætur þrátt fyrir sýknudóm, væri brotið í bága við rétt hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans til að teljast saklaust uns sekt væri sönnuð að lögum.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til röksemda norska yfirréttarins hvað varðaði greiðslu bóta. Þar hafði m.a. verið vísað til lýsinga á kynferðislegum athöfnum sem áttu sér stað milli kæranda og hins meinta fórnarlambs sem og að kærandi virtist hafa áttað sig á því að þær ættu sér stað gegn vilja hins meinta fórnarlambs. Einnig var í röksemdunum vísað til eðlis ofbeldisins sem kærandi hafði gripið til sem og einbeitts vilja hans til að fá sínu framgengt. Með öðrum orðum þá hafði rétturinn vísað til allra efnispáttá sem áskildir væru svo unnt væri að flokka háttsemi sem refsivert brot, þ.e. sem nauðgun í skilningi 192. gr. norsku hegningarlaganna. Dómstóllinn vísaði til fyrri mála sinna þar sem fram kæmi að þrátt fyrir sýknu í refsímáli þá væru heimildir dómstóla til að kveða á um greiðslu skaðabóta á grundvelli sömu gagna og á grundvelli sönnunarbyrði sem væri ekki eins ströng ekki útilokaðar. Þrátt fyrir að ofbeldið sem kærandi hefði beitt hefði í eðli sínu ekki verið refsivert, þá var orðaval áfrýjunardómstólsins þannig að atferli hans væri í raun lýst sem refsiverðu.

Dómstóllinn benti einnig á að í tveimur hlutum dóms síns hefði áfrýjunardómstóllinn tekið til skoðunar hvort kærandi hefði gerst sekur um refsivert athæfi. Í báðum þeirra komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að sýkna yrði kæranda en eigi að síður yrði að gera honum að greiða meintum þólanda skaðabætur. Áfrýjunardómstóllinn hafði lagt sérstaka áherslu á að sönnunarbyrðin vegna skaðabóta væri ekki jafn ströng og þegar um refsíabyrgð væri að ræða. Mannréttindadómstóllinn taldi hins vegar rökstuðninginn að þessu leyti ekki nógu sannfærandi. Í raun væri hann þannig fram settur að rétturinn teldi vafa leika á því hvort kærandi væri saklaus. Dómstóllinn tók einnig fram að þessi annmarki á dómi áfrýjunardómstólsins hefði ekki verið leiðréttur af Hæstarétti Noregs.

Með vísan til framangreinds var það álit dómstólsins að brotið hefði verið í bága við rétt kæranda samkvæmt 2. gr. 6. gr. sáttmálans til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð samkvæmt lögum.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru honum dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 160 evrur í málskostnað.

Þrír dómáttarar skiluðu séráliti.